



Fjölbrautaskóli Suðurlands

# HÖNN1SA05 Saumur

## Kennsluáætlun – haustönn 2018

**Kennari:** Helga Jóhannesdóttir

**Skammstöfun:** HJ

### Áfangalýsing:

## HÖNN1SA05 Saumur

Grunnatriði í fatahönnun tekin fyrir. Unnið út frá tilbúnum sniðum í sniðablöðum. Skissuvinna og flöt teikning æfð. Einföld, eigin flík hönnuð og framleidd. Svipað snið tekið upp og breytt eftir eigin hönnun, vexti og stíl. Prufuflík saumuð og mátuð. Flík fullunnin og vinnulýsing hreinrituð. Seinni flík er hönnuð út frá þema annarinnar. Grunnform líkamans, lita- og textílfraði tekin fyrir. Sýning á hugmyndamöppu og eigin hönnun í annarlok.

### Markmið:

#### Að öðlast þekkingu og skilning á:

- Grunnatriðum í saumtækni s.s. undirbúningi, sniðlögn og helstu möguleikum vélsaums
- Verklýsingum og notagildi þeirra
- Flötum teikningum og útlitsteikningum (tískuteikningum)
- Eðlismun ofinna efna og þrjónaðra (jersey)
- Helstu verkfærum tengdum saumtækni
- Gildi vandaðs frágangs

#### Að öðlast leikni í að:

- Skissa upp eigin hugmynd að flík eða fylgihlut og útvega hentugt snið
- Taka upp tilbúið snið og breyta því eftir eigin forsendum
- Skipuleggja vinnuferli og skrá vinnulýsingu jafnóðum
- Reikna út efnispörf í flík eða fylgihlut
- Þræða eða sauma saman prufuflík eða hlut til mátunar
- Búa til saumaprufur til þess að kynnast völdu efni (textíl)

#### Að geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skissa og undirbúa hönnun og saum á einfaldri flík eða nytjahlut
- Útbúa eigin myndræna vinnulýsingu á eigin hönnun
- Vinna sjálfstætt með snið
- Sauma einfalda flík eða nytjahlut
- Nota og útbúa eigin vinnulýsingar
- Að koma eigin hönnuðum hlut í notkun til handa sjálfum sér eða öðrum

### Námsefni:

Innlegg frá kennara í formi innleggs frá töflu, bóka, blaða, ljósrita og netverkefna. Bækur og blöð tengd hönnun og handverki er í stofum Hönnunardeildar. Útlán í samstarfi við kennara. Dæmi um verkefnamöppur, mismunandi útfærslur verkefna, safn gamalla gripa til skoðunar, innblásturs og nýtingar.

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Námsefni (kennslubók)	Verkefni
1 og 2	Hugmyndavinna og gagnasöfnun - innlegg frá kennara, glósur og gagnasöfnun nemanda	Kynning og möppuvinna Þema: SJÁLFBÆRNI Í TÍSKU
3	Sýningarvinna og vettvangsferðir	Verkefni tengd innlög 1x í viku
4	Máltaka og "snið á efni"	Gerð vinnulýsingar ofl
5	Saumaprufur og prufuflík undirbúin	Prufa af mismunandi saumsporur
6	Byrja að sauma - nýta biðtíma í hönnun á flík 2	Vasaprufa og miðjurennilás/annað
7 til 8	Eigin hönnun - ákvörðunartaka með kennara	Vinnulýsing með skissu - uppkast
7 til 8	Fataefni keypt og/eða útveguð eftir þörfum	Sniðlög, efnisþörf og vinnulýsing
8 til 16	Textílfraeði, litafræði og hönnunarverkefni	Verkefni tengd innlög
8 til 16	Eigin flík mótuð, mátuð, saumuð og frágengin	" "
1 til 16	Sjálfstæð vinna við gerð vinnumöppu	Textílfraeði og litafræði
1 til 16	Myndræn vinnulýsing hreinrituð - samvinna v.kennara	Vinnulýsing hreinrituð
1 til 16	Sýning eða útstilling í samvinnu við alla í Hönn.deild	Hópverkefni
9 til 16	Flík tvö hönnuð og snið undirbúin	Tískuteikning, flöt teikning og stutt vinnulýsing með skissu

### Sérreglur áfangans:

- **Efnisgjald kr. 7.000 greiðist á skrifstofu í upphafi annar.**
- Innifalið í efnisgjaldi er: Efni í vinnumöppu, pappír í möppugerð og millispjöld, efni í saumaprufur, plastvasar eftir þörfum, sniðapappír, tvinni í algengustu litunum, vasafóður, rennilásar í prufur, flíselín og fleira. Afnot af textíllager deildarinnar.
- Ný og/eða nýleg sniðablöð, ásamt öllum þeim áhöldum og tækjum sem nota þarf í áfanganum.
- Nemendur þurfa að útvega sér efni í þær flíkur sem saumaðar eru, byggð á þemanu Sjálfbærni/endurvinnsla.
- Athugið varðandi símat: Jafnvel þótt nemandi sé komin með einkunnina 5 í símati, er nauðsynlegt að skila að lágmarki einni tilbúinni flík og vinnumöppu til þess að ljúka þessum áfanga.
- Viðtalstími Helgu kennara er í stofu 304 í samráði við nemendur.

### Námsmat:

Símat og sjálfsmat: Mæting og virkni í tímum er skráð í sameiginlega dagbók hópsins. Verkefnaskil eru skráð og yfirfarin af kennara. Nemendur og kennari bera saman og meta verkefni hópsins. Mat á umfangi verkefna í vinnumöppu eru skoðuð í sameiningu. Í annarlok verða skoðuð nánar atriði eins og frágangur og vinnubrögð við saum á eigin flík.

**Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.**